

UMHVERFIS  
STOFNUN

Alþingi - Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2023  
UST202311-300/H.G.  
04.00

## Efni: Til umsagnar - Dýrasjúkdómar og o.fl. - 483. mál lagafrumvarp

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (EES-reglur o.fl.) sem er lagt var fyrir Alþingi þann 10. nóvember sl.

Meginmarkmið þess er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að tryggja Matvælastofnun nauðsynlegar valdheimildir vegna opinbers eftirlits með aukaafurðum dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Í öðru lagi að breyta lagastoð fyrir innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/4 um lyfjablandað fóður. Í þriðja lagi er sett inn gjaldtökuheimild í lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Með lögunum er því verið að breyta ákvæðum er varðar aukaafurðir dýra sem eru ekki ætlaðar til manneldis sem mælt er fyrir um í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1060/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Reglugerðin var jafnframt innleidd með reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að allt eftirlit með aukaafurðum dýra skv. reglugerð nr. 674/2017 var fært yfir til Matvælastofnunar eftir ábendingar ESA enda eru Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir með eftirlit með með rekstraraðilum sem meðhöndla aukaafurðir dýra en þá á grundvelli annarrar löggjafar, svo sem laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 2. gr.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi orðalag (sjá feitletrað) í 15. gr. a:

a. (15. gr. a.)

Aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. **Þegar aukaafurðum dýra er fargað gilda um starfsemina ákvæði laga**

**um meðhöndlun úrgangs.** Þeir sem veita starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um meðhöndlun úrgangs, skulu tilkynna til Matvælastofnunar ef fyrirtæki eða stöð hefur með höndum starfsemi sem fellur undir ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. [1069/2009](#) um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Vinnslu-, geymslu-, lífgas- og myltingarstöðvar, svo og stöðvar fyrir milliefni og líffituefni, sem ætlað er að vinna aukaafurðir úr dýrum, þ.m.t. stöðvar sem annast vinnslu úr sjávar- og eldisafurðum, skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun áður en rekstur hefst.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um aukaafurðir dýra sem ekki eru ætlaðar til manneldis, svo sem meðferð slíkra aukaafurða, flokkun og starfsleyfi þeirra, sbr. 29. gr. a.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt b. lið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka löggin til aukaafurða úr dýrum sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð. Ákvæðið er tekið beint upp úr b. lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2008/98/EB (WFD). Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir urðunarstaði og brennslustöðvar, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1998. Þá gefur Umhverfisstofnun eða eftir atvikum heilbrigðisnefndum út starfsleyfi fyrir lífgas- eða myltingarstöðvar, skv. sama ákvæði. Umhverfisstofnun telur því æskilegast að fella út hinn feitletraða texta í 3. másl. ákvæðisins.

Ennfremur vill stofnunin benda á að notkunin á hugtakinu starfsleyfi er afar ruglingsleg þar sem til dæmis lífgas- og myltingarstöðvar munu í raun þurfa tvö starfsleyfi annars vegar frá Matvælastofnun skv. lögum nr. 25/1993 og hins vegar frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd skv. lögum nr. 7/1998 og nr. 55/2003. Þá er í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 fjallað um samþykki og skráningu en í lögnum talað um starfsleyfi. Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 674/2017 m.s.br. sem fjallar um samþykki (e. approval) fyrir fyrirtækjum eða stöðvum kveðið á um að þau skulu hafa viðeigandi leyfi stjórnvalda. Finna mætti betra orð þannig til dæmis í staðin fyrir að það standi starfsleyfi í lögum nr. 25/1999 myndi standa samþykki.

Þá vill stofnunin benda á að í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er annars vegar gerð krafa um skráningu (e. registration) rekstraraðila, fyrirtækja og stöðva í 23. gr. reglugerðarinnar og hins vegar samþykki (e. approval) fyrir fyrirtækjum eða stöðvum í 24. gr. reglugerðarinnar. Samkvæmt a. lið 1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar skulu rekstraraðilar, fá skráningu áður en starfsemi hefst og tilkynna lögbæru yfirvaldi um öll þau fyrirtæki eða stöðvar undir sinni stjórn sem eru virk á einhverju stigi framleiðslu, flutnings, meðferðar, vinnslu, geymslu, setningar á markað, dreifingar, notkunar eða förgunar aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða. Rekstraraðilar sem annast förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða eiga því að skrá starfsemina áður en hún hefst. Hér undir falla t.a.m. brennslustöðvar. Af 3. másl. 1. mgr. ákvæðisins má má draga þá ályktun að Umhverfisstofnun eigi að sjá um að tilkynna fyrirhugaða starfsemi sem meðhöndlar aukaafurða dýra á meðan að reglugerð (EB) nr. 1069/2009 kveður á um að rekstraraðili beri þá skyldu.

Samkvæmt reglugerð nr. 674/2017 hefur Matvælastofnun eftirlit með framfylgd reglugerða (EB) nr. 1069/2009. Sjá til að mynda II. kafla reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Umhverfisstofnun telur frumvarpið ekki bera með sér að rekstraraðilar sem sjá um förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða beri að skrá/tilkynna heldur er aðeins vísað í lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Stofnunin telur mikilvægt að tryggt sé að Matvælastofnun hafi eftirlit með förgun aukaafurða dýra.

Með vísan til framangreinds telur Umhverfisstofnun mikilvægt að breytingar verði gerðar á frumvarpinu áður en það verður samþykkt.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund Alþingi - Atvinnuveganefnd og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hlín Gísladóttir,  
***lögfræðingur***

Sigríður Magnúsdóttir,  
***sérfræðingur***